

Djúpilækur

Ari Gíslason skráði.

Jörð í Skeggjastaðahreppi, næst austan við Miðfjörð. Sama um örnefni þar að segja; þau eru skráð af Þórarni [Magnússyni], en svo fór Sigurður Einarsson á Djúpalæk yfir það.

Bærinn stendur skammt upp frá sjó. Jörðin á land austur að **Djúpalæk** (1), sem hann (svo) dregur nafn af, átti land vestur að **Hölkna** (2), en nú er spilda þar, sem tilheyrir Gunnarsstöðum, en á land upp að **Sellæk** (3) og spilduna milli lækjanna.

Skammt frá ósnum á Djúpalæk, rétt ofan við bakkann, er **Tjörn** (4). Þar rétt við lækinn, þar sem nú eru fjárhúsin, heitir **Borgarfjara** (5), og þar sem landið gengur lengst norður, heitir **Stekkjarnes** (6). Út af Borgarfjöru og landingunni er stór steinn utarlega á flúð. Steinn þessi fer í kaf um háflóð; hann heitir **Selasteinn** (7). Þá er þar næst klettur með mjóu viki inn í, sem svo er nefnt **Vik** (8). Svo er **Nesfjara** (9); milli þeirra er smáseyra, sem heitir **Kelduós** (10). Þá er nafnlaust svæði að Litluvík, sem fyrr var nefnd með Gunnarsstöðum.

Þegar dregur frá sjó, liggur þvert yfir landið, framan við veginn, **Jarðbakki** (11). Á Jarðbakkanum er **Stóristeinn** (12), sem er á merkjum móti Gunnarsstöðum.

Ef við höldum upp með Djúpalæk, þá er að um túnið rennur **Bæjarlækur** (13), sem rennur í Djúpalæk. Hér ofar eru svo upp með Djúpalæk tveir hólar, **Melhóll** (14) nær læk og fjær læk **Stakhóll** (15), og þá holt þar innar, sem heitir **Svartaholt** (16). Ofan við holtið og suður af því er flóastykki, sem heitir **Jónshvippa** (17). Svo er annað holt þar vestur af Svartaholti; það heitir **Stórholt** (18). Svo er **Flagbrekka** (19) á ská frá Djúpalæk vestur, þegar landið fer að hækka fyrir alvöru. Þar inn af kemur svo hæð, sem heitir **Dagmálahæð** (20). Austan undir henni er skál eða lægð, sem heitir **Þrílækir** (21); þar renna þrír lækir, **Norðastilækur** (22), **Miðlækur** (23), og sá syðsti er Djúpilækurinn sjálfur.

Inn af Þrílækjum er löng og mikil hæð, sem heitir **Þrílækjahæð** (24), er nær að Bláfjöllum. Austan undir hæðinni er svo **Þverbrekkufló** (25), og framar er svo **Þverbrekka** (26), sem liggur þar þvert fyrir. Þá er **Norðara-Bláfjall** (27), og dalur þar á milli Bláfjallanna heitir **Bláfjalladalur** (28). Inn úr honum er stórt vatn, sem Djúpilækur kemur úr. Það heitir **Urðarvatn** (29).

Þá förum við aftur heim á leið og tökum aðra umferð, byrjum þá móti bæ; þar er bunga utan við veginn, sem nefnd er **Hávaði** (30). Þar á henni er tóft, sem heitir **Valgerðartóft** (31), eftir konu, er þar heyjaði, fór síðan til Ameríku og varð 102 ára.

Þegar haldið er upp með Sellæk, eru þar fyrir **Sellækjareyrar** (32); á þeim er **Selhóll** (33), og **Sel** (34) var yzt á eyrunum upp með læknum, að bera í Gunnarsstaði héðan. Þar inn og upp af er svo **Orfaholt** (35), og aðeins neðan og vestan við það **Fífuflaga** (36). Þar rétt framar er **Litlilækur** (37), sem rennur í Sellæk, og þá er **Skorulækur** (38), sem rennur þar í gegnum mel og í ána, í svonefndum **Skoruhvammi** (39). Þar ofar er mikill flói, sem heitir **Vörðufloí** (40). Rétt utan hans er melur með vörðu á, sem heitir **Vörðumelur** (41).

Vestan við Þrílækjarhæð er hallandi land, sem nefnt er **Kinnungar** (42), og innan við þá er hæð, sem heitir **Botnahæð** (43). Þar inn af er mikill flói, **Bláfellsflói** (44); þar var heyjað áður fyrr.

Stafrófsskrá örnefna

Bláfellsflói 44
Bláfjall, Norðara- 27
Bláfjalladalur 28
Borgarfjara 5
Botnahæð 43
Bæjarlækur 13
Dagmálahæð 20
Djúpilækur 1
Fífuflaga 36
Flagbrekka 19
Hávaði 30
Hölná 2
Jarðbakki 11
Jónshvíppa 17
Kelduós 10
Kinnungar 42
Litlilækur 37
Melhóll 14
Miðlækur 23
Nesfjara 9
Norðara-Bláfjall 27
Norðastilækur 22
Orfaholt 35
Sel 34
Selasteinn 7
Selhóll 33
Sellækjareyrar 32
Sellækur 3
Skoruhvammur 39
Skorulækur 38
Stakhóll 15
Stekkjarnes 6
Stórholt 18
Stóristeinn 12
Svartaholt 16
Tjörn 4
Urðarvatn 29
Valgerðartóft 31
Vik 8
Vörðufloí 40
Vörðumelur 41
Þrílækir 21
Þrílækjahæð 24
Þverbrekka 26
Þverbrekkufloí 25

ÖRNEFNASTOFNUN

Djúpilækur

Skeggjastaðahreppi

N-Múl.

1. Af hverju skyldi **Borgarfjara** draga nafn? Fjárborg?
2. Eru stekkjartóftir á **Stekkjarnesi**? Gott er að fá upplýsingar um, hvar stekkir, ból og kvíar voru, hve langt frá bæ og hvenær síðast í notkun, ef vitað er.
Er nesið e.t.v. oftast nefnt **Djúpalækjarnes** (sbr. Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, bls. 33)?
3. Eru selir oft á **Selasteini**? Var/er selveiði fyrir Djúpalækjarlandi?
4. Milli hverra er **Kelduós**? Nesfjöru og Borgarfjöru?
5. Af hverju skyldi **Svartaholt** draga nafn? Er dökkt grjót í því?
6. Er vitað, við hvern **Jónshvippa** er kennd?
7. Var **Dagmálahæð** eyktamark frá Djúpalæk? Er vitað um fleiri?
8. **Bláfjall** eða **Bláfell**, sbr. Bláfjalladalur og Bláfellsflói?
9. Á korti er nafnið Urðartjörn. Ætli það sé sama og **Urðarvatn**? Hvort er notað?
10. Sjást enn tóftir á **Sellækjareyrum**?
11. Hvers vegna skyldi **Orfaholt** heita svo?
12. Er meira um fífu á **Fífuflögu** en annars staðar í grennd?
13. Hvaða tilgangi skyldi varðan á **Vörðumel** hafa þjónað? Merkjavarða?
14. Var tekinn mór/svörður í landi Djúpalækjar og þá hvar? Gott væri að fá vitneskju um, hve djúpar grafirnar voru, hvort mórinn var góður og hvenær hætt var að nýta hann.
15. En var rist torf og þá hvar og hvernig einkum notað?
16. Þekkja menn álagabletti á Djúpalæk, sem ekki mátti nytja, og sagnir um þá?
17. Vantar örnefni í lýsinguna? Sé svo, þarf að bæta þeim við ásamt lýsingum og staðsetningum, sbr. meðfylgjandi leiðbeiningar.
Í landamerkjabréfi er nefndur Bláfellsdalsbotn en Bláfellsbotn í Sveitum og jörðum I, bls. 33. Er þetta ekki sami staður? Hvort nafnið er notað? Er **Stóristeinn** í örnefnaskrá það sama og nefnt er Stórusteinar í landamerkjabréfi? Hvort er notað?